

# FUNDARGERÐ

## BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**636. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 22. febrúar 2010 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.**

### Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnar SSNV frá 9. febrúar sl.
2. Erindi íbúa í Nestúni 2-6.
3. Bréf Sveins Benónýssonar, íprótta- og tómsfundafulltrúa.
4. Umsókn um leikskólavist utan lögheimilissveitarfélags.
5. Erindi Karls B. Örvarssonar og Halldóru Árnadóttur.

### Afgreiðslur:

1. Fram lögð til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 9. febrúar sl.
2. Erindi íbúa í íbúðum aldraðra í Nestúni 2-6 á Hvammstanga lagt fram. Í erindinu er óskað úrbóta á bílastæðamálum við íbúðirnar. Byggðarráð samþykkir að óska eftir tillögum frá tæknideild um mögulegar úrbætur fyrir næsta byggðarráðsfund.
3. Bréf Sveins Benónýssonar, íprótta- og tómsfundafulltrúa lagt fram. Í bréfinu er þess óskað að byggðarráð beiti sér fyrir því að kanna hvort ávirðingar áheyrnarfulltrúa í byggðarráði þann 1. febrúar sl. um að íprótta- og tómsfundafulltrúi hafi hent stökkblokkum fyrir langstökk og þrístökk séu réttar og að niðurstaða þeirrar skoðunar verði birt í bókum sveitarfélagsins. Sveitarstjóri upplýsti að umræddar stökkblokkir voru fluttar til geymslu hjá áhaldahúsi sveitarfélagsins. Oddur Sigurðarson, lagði fram eftirfarandi bókun: „Á 605. fundi byggðarráðs var ég með fyrirspurnir um frjálsípróttavöllinn í Kirkjuhvammi og fékk bókuð svör. Ennfremur tjáði sveitarstjóri mér munnlega, að allt það sem tekið var upp úr Hvammstangavelli vorið 2009 hefði verið hent. Þar af leiðandi taldi ég að umræddum festingum fyrir langstökk og þrístökks planka hefðu verið þar með, þar sem þær voru teknar upp úr vellinum. Ég biðst afsökunar á að hafa farið með rangt mál.“
4. Fram lögð umsókn um leikskólavist utan lögheimilissveitarfélags. Um er að ræða beiðni um tímabundna leikskólavöl við Leikskólann Ásgarð á Hvammstanga. Byggðarráð samþykkir erindið.
5. Erindi Karls B. Örvarssonar og Halldóru Árnadóttur lagt fram en þar kynna þau hugmynd að byggingu gufubaðshúss við hverasvæðið á Reykjatanga. Jafnframt óska þau eftir leyfi til að byggja slíkt hús. Byggðarráði lýst vel á hugmyndina en bendir bréfiturum á að sækja þarf um leyfið til ríkisins sem er eigandi hverasvæðisins.

Fundagerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 11:00

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),

Þ. Karl Eggertsson(sign.),

Heimir Ágústsson(sign.),

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).